

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 19. mars 2013, kl. 13:00, á Hótel Hvolsvelli

Steingerður Hreinsdóttir stjórnarformaður Markaðsstofu Suðurlands og fundarstjóri býður fundargesti velkomna. Hún þakkar samstarfið þann tíma sem hún sat í stjórn, hann hafi verið ánægjulegur, en hún er nú að láta af störfum.

Kynning á ársreikningi Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2012

Einar Sigurbjörnsson hjá KPMG fer yfir ársreikning.
Nokkrar spurningar koma frá fundargestum sem Davíð framkvæmdastjóri svarar.
Ársreikningur samþykktur.

Stjórnarkjör

Þrír núverandi stjórnarmenn eru að láta af störfum: Steingerður Hreinsdóttir, Sigurdís Lilja Guðjónsdóttir og Gunnar Örn Marteinson
Nýir inn í stjórn koma: fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri, Gunnar Þorgeirsson formaður og Þórir Erlingsson fyrir Ferðamálasamtök Suðurlands
Áfram í stjórn: Ásbjörn Jónsson fyrir Ferðamálasamtök Suðurlands, Sigrún Kapítola fyrir Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu og Anna Björg Stefánsdóttir fyrir Rúntað í Rangárþingi.

Davíð Samúelsson framkvæmdastjóri MSS samantekt á verkefnum árið 2012

Davíð gerir grein fyrir helstu verkefnum ársins 2012 en þau eru mörg og fjölbreytt. Allt kynningarefni landshlutans þarf á hverjum tíma að gefa sem réttasta mynd af því sem í boði er í fjórðungnum. Í því skyni leitumst við við að uppfæra reglulega helstu miðlana okkar. Árlega er gefinn út landshlutabæklingur og reglulega þarf að uppfæra heimasíðuna www.south.is. Í haust bættist einnig við ný síða www.winterwonderland.is þar sem möguleikar í vetrarferðamennsku eru kynntir. Markaðsstofan á einnig mikið myndasafn sem er í stöðugri þróun og mikið er í það sótt. Þá var haustmánuðum unnið fyrir Markaðsstofuna nýtt kynningarmyndband um Suðurland og að ógleymdri sérstakri Suðurlandskynningu í afþreyingarkerfi og ferðablaði Icelandair á síðasta ársfjórðungi 2012, en kynningin verður áfram til staðar í vélunum.

Markaðsstofan gekkst fyrir þeirri nýbreytni í haust að fara ásamt ferða- og verkefnafulltrúum svæða á Suðurlandi í heimsókn á ferðaskrifstofur á höfuðborgarsvæðinu með kynningar á því sem fjórðungurinn hefur uppá að bjóða. Farið var á nokkrar sýningar á árinu, Mid-Atlantic, ITB í Berlín, Vildmarksmessan í Svíþjóð og VestNorden í Hörpu. Auk þess var haldin Suðurlandssýningin „Suðurland í sókn“ í Ráðhúsinu í Reykjavík og verið var með Suðurlandskynningu í Höfuðborgarstofu á Menningarnótt.

Mikil eftirspurn er eftir hvers kyns samvinnu við Markaðsstofuna um skipulagninu og vinnu við kynnisferðir um Suðurland, enda hefur enginn betri yfirsýn yfir svæðið og þá þjónustu sem þar er í boði. Við tökum því öllu vel og beitum okkur fyrir að slíkar ferðir séu farnar, enda er fátt betur til þess fallið að selja landið en milliliðalaus kynni við það. Með kynnisferðum ferðasala og blaðamanna gefst ferðabjónum líka ódýrt og skilvirkt tækifæri til að koma sér á framfæri og markaðssetja sig án þess að þurfa að kosta miklu til. Í maí var innlendum starfsmönnum frá ferðaskrifstofum, bókunar- og upplýsingamiðstöðvum boðið í kynnisferð um lágsveitir Árnassýslu. Kynnisferð var farin inn í Þórsmörk og er þetta annað árið í röð sem slík ferð er farin og er hún að frumkvæði heimamanna. Ferðin tókst mjög vel með um 35 manna fjölbreyttan hóp starfsmanna í ferðabjónustunni. FAM-ferðir komu m.a. frá Suður Kóreu, Noregi, Danmörku, Bretlandi, Þýskalandi og Svíþjóð.

Framkvæmdastjóri hefur komið að greiningarvinnu fyrir Sóknaráætlun 2020. Auk þess hafa ýmis klasaverkefni verið í þróun á Suðurlandi sem Markaðsstofan hefur komið að. má nefna góða samvinnu við ferðamála klasann Ríki Vatnajökuls, ýmsa klasa í uppsveitum Árnassýslu, Matarsamfélag Árnassýslu, Katla Geopark og ferðamála klasa í sveitarfélaginu Ölfus.

Markmið okkar og framtíðarsýn er að ferðamaðurinn dvelji lengur í héraði og skili sem mestu tekjum inná svæðið. Það gerum við með því að kynna okkur og þá þjónustu sem við höfum uppá að bjóða sem víðast, kynna leiðirnar inní landshlutann – ekki síst þá sem liggur beint frá Keflavík – og sýna fram á að þangað liggur stysta leiðin til að komast í beina snertingu við náttúruna um leið og dvalið er við öll nútíma þægindi og afþreyingu.

Önnur mál

Davíð biður nýja stjórn að kynna sig fyrir fundargestum.

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri SASS og nýr stjórnarmaður, kynnir Sóknaráætlun 2020 en þar eru nokkur verkefni sem tengjast Markaðsstofunni. Skrifað verður undir samning við ríkið föstudaginn 22. mars næstkomandi. 52,9 milljónir koma í hlut Suðurlands. Hann nefnir sérstaklega þrjú verkefni sem helst snúa að málefnum ferðaþjónustunnar, Suðurland allt árið, Upplýsingagátt Suðurlands og Bændamarkaður Suðurlands.

Málþing um Gjaldtöku á Ferðamannastöðum

Í framhaldi af Aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands var haldið málþing sem bar yfirskriftina „Gjaldtaka á ferðamannastöðum“. Á mælendaskrá voru sex frummælendur:

Anton Kári Halldórsson, skipulags – og byggingafulltrúi Rangárbings eystra. Hann fjallaði um skipulagsmál í sveitarfélaginu og samstarfsverkefni þess, m.a. um skipulag fyrir Suðurhálandið.

Kjartan Ragnarsson frá Landnámssetrinu í Borgarnesi fjallaði um möguleika á náttúrupassa fyrir erlenda ferðamenn sem leið til gjaldtöku í ferðaþjónustu.

Garðar Eiríksson, fulltrúi Landeigendafélags Geysis, sagði frá reynslu þeirra við Geysi og hugmyndum að gjaldtöku við Geysi. Hann nefndi að þeir ættu að greiða sem njóta og að gjaldtöku væri hægt að nýta sem tæki til stýringar, uppbyggingar og reksturs.

Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands, sagði frá rannsóknum sem hann og fleiri hafa verið að gera m.a. að Fjallabaki. Hans þáttur hefur aðallega verið að meta fjölda ferðamanna og hefur hann sett upp teljara víða til þess. Þá kom fram í erindi hans að aðeins um 11 % tekna af ferðamönnum verður til í meira en 1 klst fjarlægð frá Reykjavík og Akureyri.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, fór í sínu erindi aðeins yfir sögu þessarar umræðu um gjaldtökuna. Innan samtakanna snýst umræðan í dag um einhvers konar náttúrupassa. Erna nefndi einnig að eins og ferðaþjónustan hefur vaxið undanfarið hefur uppbygging innviða ekki gert það að sama skapi.

Hallgrímur Lárusson, frá Snæland Grímsson, fór yfir ýmsar spurningar sem hafa verið áberandi í umræðunni. Hver á að borga? Fyrir hvað á að borga? Hver á að fá peninginn? Á að borga? Hallgrímur sagði þó það vera hagsmuni allra að hámarka tekjur af ferðamönnum.

Líflegar umræður sköpuðust eftir erindin þar sem ýmsum spurningum og vangaveltum var varpað á frummælendur auk þess að aðrar hugmyndir um útfærslu á gjaldtöku voru viðraðar.

Fundargerð ritar: Ragnhildur Sveinbjarnardóttir 27.03.2013.